

## Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar fimmtudaginn 8. janúar 2009 kl. 17:06 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Hulda Sigurðardóttir, Árni Davíð Haraldsson, Hilma Steinarsdóttir, Þórir Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Nanna Steina Höskuldadóttir, Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

### DAGSKRÁ:

#### 1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 16.12.08 (*Lögð fram*)
- Atvinnumálanefnd 17.12.08 *Samþykkt samhljóða.*
- Umhverfis-, skipulags- og bygginganefnd 06.01.09 *Samþykkt samhljóða.*

#### 2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- HNE – 115. fundur 03.12.08 (*Lögð fram*)
- AÞ – Stjórnarfundur 15.12.08 (*Lögð fram*)

#### 3. Skýrsla sveitarstjóra.

*Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum frá fulltrúum í hreppsnefnd.*

#### 4. Innsend erindi.

##### Til kynningar:

- Brunabót – Áhrif fjármálakreppunnar á EBÍ.  
*Lagt fram til kynningar bréf frá eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands dags. 12.12.08.*
- Norðurþing – Uppsögn samnings um félags- og skólaþjónustu.  
*Hreppsnefnd Langanesbyggðar beinir því til Héraðsnefndar Þingeyinga að vinnu við samstarfssamning á milli Norðurþings, annars vegar, og annarra sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum, hins vegar, verði flýtt svo sem kostur er. Hreppsnefnd Langanesbyggðar leggur áherslu á mikilvægi áframhaldandi samstöðu sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum um veigameiri þjónustuverkefni.*

##### Til afgreiðslu:

- Sýslumaðurinn á Húsavík – Afskrift skulda  
*Umræðu og afgreiðslu málsins vísað til lokaðs fundar sem hefst strax að afloknum fundi hreppsnefndar. Afgreiðsla bókast í trúnaðarmálabók.*
- Nanna Steina, Karen Rut og Þorsteinn Ægir – Framtíð Kátra daga á Þórshöfn  
*Samþykkt að fela sveitarstjóra, ásamt nýráðnum æskulýðs- og menningarfulltrúa, að vinna tillögu að fyrirkomulagi og aðkomu Langanesbyggðar að Kátum dögum í framtíðinni. Umræddar tillögur skulu liggja fyrir til afgreiðslu á næsta reglulegum fundi hreppsnefndar fimmtudaginn 22. janúar nk.*
- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga – Framlag til AÞ 2009  
*Samþykkt að verða við ósk um hækkun framlags til AÞ vegna ársins 2009 um 13% frá árinu 2008. Fast framlag til AÞ mun nema kr. 622.628,- samkvæmt þessu og greiddist í fjórum ársfjórðungslegum greiðslum. Samþykkt þessi er þó háð því að samstaða náist um umrædda hækkun á meðal sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum.*

## 5. Nefndir og ráð á vegum Langanesbyggðar

- Tilnefning 5 aðalmanna og 5 varamanna í stjórn Fræs ehf.  
*Fram kom tillaga um Siggeir Stefánsson, Aðalbjörn Arnarsson, Þórir Jónsson, Sigurður Ragnar Kristinsson og Hilma Steinarsdóttir sem aðalmenn í Fræ ehf. og Jóhanna Helgadóttir, Nanna St. Höskuldsdóttir, Agnar Jónsson, Hulda Sigurðardóttir og Árni Davíð Haraldsson sem varamenn.*

## 6. Húsnæðismál á Þórshöfn.

*Eftir nokkrar umræður var eftirfarandi samþykkt samhljóða:*

- Sveitarstjóra falið að auglýsa til sölu félagslegar íbúðir í eigu Langanesbyggðar, undanskildar skulu ákveðnar eignir s.s. í Hálsvegi, er tengist rekstri leikskólans, og íbúð Pálmholti er tengist rekstri Grunnskólans. Núverandi leigjendur skulu njóta forkaupsréttar. Einnig skal velja sérstaklega athygli á lausum byggingalóðum.
- Sveitarstjóra falið að skoða fjármögnunarleiðir og setja sig í samband við byggingaverktaka og kanna grundvöll fyrir byggingu og rekstur einkarekins leiguhúsnæðis á Þórshöfn.
- Tillögugerð vegna mögulegra styrkja til nýbyggingar og endurbyggingar vísað til fjárhagsáætlunargerðar. Vinnist af sveitarstjóra og húsnæðisnefnd.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:50

*Siggeir P.  
Hilma S.  
Árni Davíð  
Hulda/Sig*

*Þórir J.  
Jóhanna St.  
Nanna St. Höskuldsdóttir  
Björn L.*